

Mál 10/2016

Ár 2016, mánudaginn 17. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 10/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 29. mars 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði (Y) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem reglum um hvíldartíma tíkarinnar var ekki fylgt. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dags. 25. apríl 2016 og gefinn frestur til andmæla til 23. maí. Kærði svaraði með bréfi, ódagsettu en móttæknu 18.maí, sem sent var kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd taldi þar með að öll gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta væru komin fram tók málið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði ódagsettu var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 17. september 2015. Hundarnir eru af kyninu Papillon og er tíkin í eigu kærða. Tíkin gaut þrisvar sinnum í röð án þess að hvíldartími væri virtur. Fyrst 21. maí 2014 en þá gaut hún tveimur hvolpum, í annað sinn 10. maí 2015 ellefu og hálfum mánuði seinna en þá gaut hún þremur hvolpum og í þriðja sinn 16. nóvember 2015 sex mánuðum seinna gaut tíkin fjórum hvolpum. Kærandi telur að um sé að ræða brot á grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn sem tóku gildi 1. júní 2014. Kærði svaraði því til að ekki hefði verið talið rétt og þess myndi verða gætt framvegis. Hann tiltók einnig að í hans huga væri tíminn milli tveggja fyrri gotanna tæplega 12 mánuðir sama sem 1 ár.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn skal ræktandi hafa í heiðri góða hundaræktarsíði í ræktunarstarfi sínu. Samkvæmt grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn ber ræktanda að:

„Láta ekki tík gjóta oftár en fimm sinnum. Ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði milli gota“

Ljóst er að þegar tíkin gaut í þriðja sinn þá var hvíldartími ekki virtur en aðeins höfði liðið

sex mánuðir frá næsta goti á undan og þar áður ellefu og hálfur mánuður milli gota en samkvæmt ofangreindu ákvæði hefði tíkin átt að fá a.m.k. 12 mánaða hvíld. Það er því óumdeilt að kærði hefur gerst brotlegur við grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Reglan er sett með dýravernd að markmiði og ætti öllum hundaræktendum að vera það bæði ljúft og skilt að halda slíka reglu.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærði játaði brot sitt skýlaust. Hann hefur jafnframt heitið því að slíkt muni ekki endurtaka sig. Kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins. Því telur siðanefnd hæfilega refsingu vera áminningu.

#### IV. Niðurstaða.

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 3.4. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærði Y er áminntur.

f.h. siðanefndar

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir